

Stofnun lóða og landskipti

Leiðbeiningarblað nr. 01/10/2016

Stofnun lóða:

Við stofnun lóða út úr jörðum löndum eða spildum þar sem ekki er um breytt eignarhald að ræða skal viðhafa eftirfarandi verklag:

The form is titled "Skipulags- og byggingarmál" and "Umsóknareyðublað". It includes the Thingeyjarsveit logo and contact information. The form is divided into sections for "Lóð/Land er umsókn varðar:" and "Umsóknareyðublað:". Each section contains fields for "Land/eigandi/loðarhafi", "Nafn", "Kennitala", "Heimilisfang", "Póstfang", "Símanúmer/öfn.", and "Netfang". There are also sections for "Frávörður:" and "Fylgipostur:". At the bottom, there is a note: "Mægt er að senda umsóknina á netfangið: thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is" and a footer: "Staður, dagsetning og undirskrift (f. f.llu umboði landeigenda/áðhafna)".


1. Sækja skal um heimild til sveitarstjórnar til stofnunar lóða/landskipta á þar til gerðu eyðublaði sem er að finna inn á heimasíðu sveitarfélagsins undir: <http://www.thingeyjarsveit.is/stjornasyslan/skipulags-og-byggingarmal/eydublaod/almennt> umsóknareyðublað. Landeigandi eða fulltrúi landeigenda skal undirrita eyðublaðið.

Almennt umsóknareyðublað

The form is titled "F-550 Umsókn um stofnun nýrra landeigna í fáselgisskrá". It includes the logo of the Icelandic Land Register and the text "Skv. 14. gr. laga nr. 62/2001 um skráningu og málfastsgrá". The form is divided into sections: "1. Eign", "2. Greiðandi", "3. Tengiliður", and "4. Undirskriftir eigenda". Each section contains fields for "Númer upprunalandeignar", "Sveitarfélag", "Hætt nýrra landeigna", "Fjöldi nýrra landeigna", "Mannviki sem fylgja (mhl.n)", "Fullt nafn", "Kennitala", "Nafn", "Kennitala", "Sími", "Netfang", "Kennitala", "Undirskrift", "Kennitala", "Undirskrift", and "Kennitala", "Undirskrift". At the bottom, there is a section "5. Skil á eyðublaði" with a note: "Þessi eyðublaði er aðeins notað til skráningar og er ekki til þess að tryggja réttindi eða skuldbindingu. Þetta er einungis upplýsingagætt og er ekki til þess að tryggja réttindi eða skuldbindingu. Þetta er einungis upplýsingagætt og er ekki til þess að tryggja réttindi eða skuldbindingu." and a footer: "Stofnun lóða og landskipti, Hlíðarvegur 10, 101 Reykjavík, Sími: 570 9000, Netfang: loda@stofnun.loda.is".

2. Með umsókn skal fylgja útfyllt eyðublað F-550 frá Þjóðskrá sem er að finna á <http://www.skra.is/> F-550. Á eyðublaðið skulu allir þinglýstir eigendur skrá nafns sitt eða fulltrúi þeirra skv. umboðið. Þar skal einning koma fram landnúmer upprunalands (jörð land eða spilda sem lóð er stofnuð út úr)

Eyðublað F-550



- Einnig skal fylgja með umsókn hnitsettur lóðaruppdráttur þar sem fram kemur nafn á uppdrunalandi, nafn þess sem gerir uppdráttinn, mælikvarði, hnitpunktar, hnitaskrá, nákvæmni á hnitum og stærð á viðkomandi lóð eða spildu.

Hnitsett lóðarblað/mæliblað

Skipulags- og umhverfisnefnd tekur umsóknina til afgreiðslu og í framhaldi af því staðfestir sveitarstjórn afgreiðslu skipulags- og umhverfisnefndar. Skipulags- og byggingarfulltrúi stofnar lóðina í Fasteignaskrá og fer hún þaðan til sýslumanns sem gengur frá formlegri stofnun lóðarinnar. Þegar sýslumaður hefur gengið frá stofnun lóðarinnar er hægt að þinglýsa lóðarsamningur aða öðrum gögnum á lóðina.

Vakin er athygli á því að hugsanlega þarf að létta veðböndum eða öðrum þinglýstum kvöðum af upprunalandinu hjá sýslumanni áður en hægt verður að ganga frá lóðarstofnuninni:

Landskipti:

Þegar um er að ræða breytt eignarhald (sala á lóð landi eða spildu) er viðhaft nánast sama verklag og við stofnun lóða en skila þarf til viðbótar með umsókn þinglýsingarvottorði yfir upprunalandið og leita þarf samþykkis atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins fyrir landskiptunum áður en hægt verður að stofna lóðina í Fasteignaskrá. Skipulags- og byggingarfulltrúi útbýr skjöl til ráðuneytisins sem landeigandi þarf að undirrita. Landeigandi/umsækjandi þarf sjálfur að senda umrædd skjöl til ráðuneytisins en fær svo til baka gögn sem hann þarf að koma til þinglýsingar hjá sýslumanni áður en til sölu eða afsals á landi getur orðið.

Vakin er athygli á því að hugsanlega þarf að létta veðböndum eða öðrum þinglýstum kvöðum af upprunalandinu hjá sýslumanni áður en hægt verður að ganga frá breyttu eignarhaldi.